

Erindisbréf

landbúnaðarnefndar Fjarðabyggðar

Umboð

1. gr.

Landbúnaðarnefnd starfar í umboði eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Landbúnaðarnefnd mótar stefnu í landbúnaðarmálum. Hún tekur ákvarðanir innan markaðrar stefnu og fjárheimilda í þeim málaflokkum. Nefndin gerir tillögur til eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar varðandi valdsvið sitt. Nefndin ber ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila í málaflokknum. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd ákveður.

Verkefni

3. gr.

Landbúnaðarnefnd fer með eftirtalin verkefni í umboði eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar:

- Umsjón og eftirliti með fjallskilum, afréttarmálum og búfjárefirliti skv. lögum um búfjárhald nr. 38/2013.
- Ábyrgð á samþykkt um búfjárhald.
- Umsjón með refa- og minkaveiðum.

Laga- og reglurammi

4. gr.

Landbúnaðarnefnd skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

Stefnumótun bæjarstjórnar.

Mannauðsstefnu.

Jafnréttisstefnu.

Innkaupareglum.

Ferli og framsetningu fjárhagsáætlunar.

Skipan

5. gr.

Nefndin er skipuð fimm fulltrúum kjörnum af eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og jafnmörgum til vara. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd kýs formann nefndarinnar og varaformann. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Nefndin skal skilgreina þá hagsmunaaðila sem hafa ber samráð við um þróun landbúnaðarmála í Fjarðabyggð.

Nefndin getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan marka kjörtímabils nefndarinnar. Í erindisbréfi skal m.a. koma fram hvort leggja skuli reglulegar fundargerðir/skýrslur fyrir nefndina og/eða skila niðurstöðu eða ályktun við lok starfstíma.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri á verksviði nefndarinnar, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Nefndin heldur fundi eftir þörfum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja nefndarmanna um fund í nefndinni ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, undirbýr og ákveður dagskrá í samráði við umhverfisstjóra og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, og skal dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Að jafnaði skulu fundir boðaðir rafrænt.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á.

Umhverfisstjóri, skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fundargerðir skulu skráðar og afrit sent til eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar að fundi loknum. Um ritun fundargerða fer eftir fyrirmælum samþykktar um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar og nánari verklagsreglum eftir því sem við á. Fundarritun er á ábyrgð umhverfisstjóra.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun nefndarinnar fyrir komandi ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar þeirra.

Samráð

9. gr.

Nefndin ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, frjáls félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum nefndarinnar. Auk lögbundins samráðs skal nefndin leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Fjármál

10. gr.

Nefndin fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hana heyra og felur sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs að vinna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun nefndarinnar. Nefndin afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður nefndar og sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs kynna bæjarráði starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs ræður umhverfisstjóra.

Málsmeðferð

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum, stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Óski aðili rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvæðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka mál upp.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018


Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt í eigna- skipulags- og umhverfisnefnd 27. júní 2018.

Samþykkt í bæjarráði við aðra umræðu í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018.

